



Japaninn heitir Masami Ishii, varaformaður stjórnar WMA, og stýrir alþjóðaskrifstofu japanska læknafélagsins. Konan með hönd undir kinn er Annabel Seebohm, lögfræðingur WMA.



Jón Snædal og Vilhjálmur Árnason siðfræðingur, maðurinn fyrir framan Vilhjálm heitir Robert Wah og er af kínversku bergi brottinn. Hann er tiltonandi forseti bandaríska læknafélagsins (AMA).



Svanur Sigurbjörnsson heimilislæknir og Sólveig Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Læknafélags Íslands.



Otmar Kloiber, læknir og framkvæmdastjóri WMA, að tala við Jón Jóhannes Jónsson læknir og erfðafræðing.



Salvör Nordal og Magnús Gottfredsson að fá sér styrkingu milli funda. Myndirnar tók Védís Skarphéðinsdóttir.



Þorvarður Jón Löve gigtarlæknir var atkvæðamikill á fundinum.

## Vinnufundur Alþjóðasamtaka lækna í Reykjavík

### Jón Snædal

öldrunarlæknir,  
stjórnarmaður í WMA og  
formaður vinnuhópsins

[jснаedal@landspitali.is](mailto:jснаedal@landspitali.is)

Alþjóðasamtök lækna (WMA) eru þekktust fyrir vönduð álit sem eiga að vera læknum heimsins til hliðsjónar í störfum sínum og verkefnum. Þekktast þeirra er Helsinki-yfirlýsingin um vísindarannsóknir á mönnum, en þau eru mörg fleiri, svo sem um réttindi sjúklunga, sjálfstæði

lækna og fleira. Eitt þeirra er um siðlega notkun gagnagrunna.

Á síðastliðnu hausti skipaði WMA vinnuhóp til að vinna að nýju álit um gagnagrunna og taka einnig til umfjöllunar lífsýnabanka. Læknafélag Íslands hefur formennsku í vinnuhópnum og var boðað til fundar í Reykjavík 7. mars síðastliðinn. Hópurinn samanstendur af fulltrúum níu læknafélaga frá fimm heimsálfum en auk þess situr framkvæmdastjóri WMA vinnufundina. Fundurinn var haldinn í

húsakynnum LÍ við Hlíðasmára og var tvískiptur. Fyrir hádegi var opinn fundur með sex framsöguerindum en eftir hádegi var lokaður fundur vinnuhópsins. Opni fundurinn var vel sóttur og urðu líflegar og hnitmiðaðar umræður enda hefur þetta málefni verið lengi til umræðu hér á landi.

Drög að álitum verða lögð fyrir stjórnarfund WMA í Tókýó í apríl og eftir samráðsferli aðildarfélaga samtakanna lýkur vinnunni vonandi í haust.